

Göngudeild forskilunarsjúklinga

Stuðningsmeðferð fyrir sjúklinga með langvinna
nýrnabilun og fjölskyldur þeirra fyrir skilun



Upplýsingar fyrir sjúklinga og fjölskyldur

Markmið göngudeildarinnar er að stuðla að betri líðan og auknu öryggi sjúklinga með langvinna nýrnabilun og fjölskyldna þeirra, áður en þörf er á skilun. Jafnframt að búa sjúklinga betur undir skilun svo þeir geti tekist á við versnandi nýrnabilun og ákvörðun um meðferð.

Hjúkrunarfræðingur býður sjúklingum og fjölskyldum þeirra viðtöl með einstaklingsmiðaðri fræðslu og stuðningi í tengslum við nýrnabilun og vali á framtíðarmeðferð sem getur verið blóðskilun, kviðskilun, nýraígræðsla eða meðferð án skilunar. Hægt er að velja um viðtöl á göngudeildinni, í síma eða á legudeildum Landspítala.



Stuðningur felur í sér eftirlit með heilsufari, einkennum nýrnabilunar og aðstoð við að fylgja meðferð. Lögð er áhersla á heildræna þjónustu og hjúkrunarfræðingur deildarinnar vinnur í samstarfi við nýrnalækna og aðra fagaðila sem koma að umönnun sjúklinga með nýrnabilun.

Göngudeildin er staðsett á skilunardeild Landspítala á fjórðu hæð í eldhúsbyggingu á Landspítala við Hringbraut. Styst er að koma á deildina frá inngangi við Eiríksgötu.

Nýrnalæknir og/eða hjúkrunarfræðingur sjúklings vísar honum á göngudeildina.

Göngudeildin er opin tvo daga í viku milli kl. 08:00 og 16:00.

Símanúmer:

Hjúkrunarfræðingur göngudeildar forskilunarsjúklinga: 543 6311

Skilunardeild: 543 6315

Tölvupóstur: forskilun@landspitali.is

Vinsamlegast athugið að sjúkráhið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkráhusins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þú kunnir að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.